

Sp. 161. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við ályktunartillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar risaveldanna („frystingu“) og felur ríkisstjórninni að styðja þá tillögu á allsherjarþinginu eins og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa þegar gert.

Greinargerð.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa tillögur með áskorun á risaveldin, Sovétríkin og Bandaríkin, um að stöðva kjarnorkuvígbúnað, svonefnd frysting kjarnavopna, verið bornar fram og samþykktar nokkur undanfarin ár.

Sú tillaga, sem mest fylgi hefur hlotið um þetta efni, hefur verið borin fram af Mexíkó, Svíþjóð og nokkrum fleiri ríkjum. Hlaut hún 131 atkvæði á allsherjarþinginu í fyrra, 10 ríki, aðallega vestræn stórveldi, greiddu atkvæði gegn tillögunni en 8 ríki sátu þá hjá, þar á meðal Ísland. Aðrar Norðurlandaþjóðir, Danir, Norðmenn, Svíar og Finnar, greiddu tillögunni atkvæði.

Hliðstæð tillaga kom fram á allsherjarþinginu 1984 og var þá samþykkt með 129 atkvæðum. Þær breytingar urðu helstar á afstöðu ríkja til tillögunnar milli þinga að Norðmenn og Nýsjálandingar, sem sátu hjá 1984, greiddu atkvæði með ályktuninni 1985.

Sams konar tillaga (L. 64) um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar kom enn fram í 1. nefnd allsherjarþingsins, sem fjallar um afvopnun og öryggismál, 30. október s.l. (sjá fskj. I.) og í nefndinni voru greidd atkvæði um tillöguna 11. nóvember 1986. Þar var tillagan samþykkt með 118 atkvæðum, 12 voru á móti, aðallega NATO-ríki, en 4 ríki sátu hjá: Ísland, Holland, Spánn og Kína (sjá fskj. II.).

Í hópi landa, sem greiddu atkvæði með tillögunni, voru m.a. NATO-ríkin Danmörk, Noregur og Grikkland.

Utanríkisráðherra hefur þannig fyrirskipað sömu afstöðu til tillögunnar og í fyrra og *Ísland er eina Norðurlandaþjóðin sem ekki styður málið.*

Alþingi hefur enn aðstöðu til að lýsa vilja sínum til þessa máls áður en tillagan gengur til atkvæða á allsherjarþinginu innan fárra vikna.

Alþingi samþykkti hinn 23. maí 1985 ályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum þar sem m.a. kemur fram eindreginn stuðningur við stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar (sjá fskj. III.).

Vegna afstöðu utanríkisráðherra til þessa máls er nauðsynlegt að Alþingi taki af allan vafa um afstöðu til hugmyndarinnar um frystingu kjarnavopna.

Fylgiskjal I.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR
ALLSHERJARÞINGIÐ

30. október 1986.

Fertugasta og fyrsta þing
FYRSTA NEFND
dagskrárliður 61 (d).

**Endurskoðun og framkvæmd á efni lokaskjals tólfra
auka-allsherjarþingsins.
Framkvæmd samþykktar allsherjarþingsins,
nr. 40/151C, um frystingu kjarnavopna.**

Indónesía, Mexíkó, Pakistan, Perú og Svíþjóð:

Allsherjarþingið,

minnugt þess að í lokaskjali 10. auka-allsherjarþingsins, fyrsta auka-allsherjarþings um afvopnunarmál, sem samþykkt var 1978 og staðfest á ný samhljóða og eindregið á tólfta auka-allsherjarþinginu, öðru auka-allsherjarþinginu helguðu afvopnun, lét allsherjarþingið í ljós þungar áhyggjur vegna þeirrar ógnunar sem tilvist mannkyns stafar af kjarnavopnum og áframhaldandi vígbúnaðarkapphlaupi,

minnugt þess einnig að þingið, við umrædd tækifæri, vakti athygli á að núverandi birgðir kjarnavopna væru meira en nægilegar til að útrýma lífi á jörðu og lagði áherslu á að mannkyn ætti því um tvo kosti að velja: að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið og snúa sér að afvopnun eða horfast í augu við gereyðingu,

hafandi hugfast að þjóðhöfðingjar eða forsætisráðherrar sex aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna frá fimm heimsálfum lýstu yfir í Delhi-yfirlýsingunni frá 28. janúar 1985: „Það skiptir nú sköpum að kjarnavopnaskapphlaupið verði stöðvað. Með því einu er unnt að tryggja að kjarnavopnabirgðir vaxi ekki á meðan samningaviðræður standa yfir“, að í Mexíkó-yfirlýsingunni frá 7. ágúst 1986 var lögð áhersla á að þau „haldi áfram að hvetja til þess að það sem hingað til hefur verið einhliða frestun annars hinna tveggja kjarnorkuvelda ætti fljótlega að verða að minnsta kosti tvíhliða frestun“, og að á sama stórveldafundinum var gefið út skjal um sannpröfunarráðstafanir til þess að flýta fyrir tafarlausri stöðvun kjarnorkutilrauna,

í þeirri trú að brýna þörf beri til að koma í veg fyrir hvers kyns frekari aukningu hinna ógnvænlegu kjarnavopnabirgða kjarnorkuveldanna tveggja sem þegar hafa yfir að ráða óumdeilanlegri endurgjaldsgetu og geigvænlegum umframeyðingarmætti,

með tilliti til þess að þjóðhöfðingjar eða forsætisráðherrar óháðra ríkja á síðustu ráðstefnu sinni, sem haldin var í Harare, beindu því til leiðtoga ríkjanna tveggja að fylgja eftir án tafar og í anda velvilja þeim markmiðum sem þeir sjálfir settu í Genf,

fagnandi einhliða frestun kjarnorkutilrauna sem Sovétríkin lýstu yfir í ágúst 1985 og þau hafa framlengt við fjögur mismunandi tilefni, síðast til 1. janúar 1987,

með hliðsjón af því að frysting kjarnavopna, þótt hún sé ekki lokatakmark í sjálfu sér, mundi marka árangursríkasta frumskrefið til að koma í veg fyrir áframhaldandi fjölgun og tæknilega þróun núverandi gerða kjarnavopna meðan samningaviðræður standa yfir, og á

sama tíma mundi það veita hagstæðar aðstæður til samningaviðræðna um að fækka og að lokum útrýma kjarnorkuvopnum,

fullilega sannfært um að aðstæður nú séu hinar ákjósanlegustu fyrir slíka frystingu þar eð Sovétríkin og Bandaríkin búa nú yfir jafnmiklum hernaðarmætti á sviði kjarnorku og augljóst virðist að í heild sé nokkurn veginn jöfnuður með þeim,

í vitund þess að notkun þeirra aðferða við könnun, sannprófun og eftirlit, sem þegar hefur verið fallist á í nokkrum fyrri tilvikum, mundi nægja til að veita sanngjarna tryggingu fyrir trúverðugum efdum skuldbindinga sem frysting felur í sér,

sannfært um að það yrði öllum öðrum ríkjum, er ráða yfir kjarnavopnum, í hag að fylgja fordæmi tveggja mestu kjarnorkuveldanna:

1. *hvetur enn einu sinni Sovétríkin og Bandaríkin, sem tvö fremstu kjarnorkuveldin, til að lýsa yfir, annaðhvort með einhliða yfirlýsingu samtímis eða með sameiginlegri yfirlýsingu, tafarlausri frystingu kjarnavopna sem verða mundi fyrsta skref í átt til allsherjaráætlunar um afvopnun er að formi og umfangi yrði sem hér greinir:*

(a) *hún mundi fela í sér:*

(i) *allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og skotbúnað þeirra,*

(ii) *algera stöðvun framleiðslu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,*

(iii) *bann við allri frekari uppsetningu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,*

(iv) *algera stöðvun framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarlegum tilgangi;*

(b) *hún yrði háð viðeigandi eftirlitsráðstöfunum og reglum, svo sem þeim er þegar hefur orðið samkomulag um í SALT I og SALT II samningunum, svo og þeim sem grundvallarsamstaða hefur náðst um í undirbúningsviðræðum þríhliðasamninganna, um allsherjarbann við tilraunum, sem haldnar eru í Genf;*

(c) *hún yrði í fyrstu miðuð við fimm ára tímabil, með fyrirvara um framlengingu eftir að önnur kjarnavopnaríki gerast þátttakendur í slíkri frystingu, eins og allsherjarþingið hvetur þau til;*

2. *óskar eftir því við fyrrnefndu tvö mestu kjarnavopnaveldin að þau leggi fram sameiginlega skýrslu eða tvær aðskildar skýrslur til allsherjarþingsins, áður en fertugasta og annað þing þess hefst, um framkvæmd þessarar ályktunar;*

3. *ákveður að setja á bráðabirgðadagskrá fertugasta og annars þingsins dagskrárlið er beri heitið: „Framkvæmd ályktunar allsherjarþingsins nr. 41/. . . um frystingu kjarnavopna.“*

Fylgiskjal II.

Atkvæðagreiðsla í 1. nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 11. nóv. s.l. um tillögu Mexíkó, Svíþjóðar o.fl. um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar risaveldanna (frystingu).

Tillagan var samþykkt með 118 atkvæðum gegn 12, 4 sátu hjá, 24 voru fjarverandi.

Samþykkir: Afganistan, Alsír, Angóla, Argentína, Ástralía, Austur-Þýskaland, Austurríki, Bahamaeyjar, Bahrain, Bangladesh, Barbados, Benín, Bhútan, Bólívia, Botswana, Brasilía, Brúnei (Daruesalam), Búlgaría, Burkina Faso, Burma, Burundi, Chad, Chile, Comoreyjar, **Danmörk**, Djibouti, Egyptaland, Ekvador, Eþíópía, Filippseyjar, **Finnland**, Fíla-beinsströndin, Gabon, Ghana, Grikkland, Guatamala, Guinea, Guinea Bissau, Guyana,

Hvíta-Rússland, Indland, Indónesía, Írak, Íran, Írland, Jamaica, Jórdanía, Júgóslavía, Kamerún, Kenýa, Kongó, Kólumbía, Kuwait, Kúba, Kýpur, Laos, Lesotho, Líbanon, Líbería, Líbýa, Lýðveldið Yemen, Madagaskar, Malawí, Malaysía, Maldiveyjar, Malí, Malta, Marokkó, Maurítanía, Mauritius, Mexíkó, Mið-Afríku lýðveldið, Mongólía, Mósambík, Nepal, Nikaragúa, Níger, Nígería, **Noregur**, Nýja-Sjáláland, Oman, Pakistan, Panama, Papúa Nýja-Guinea, Paraguay, Perú, Pólland, Qatar, Rúmenía, Sameinuðu arabafurstadæmin, Samoeyjar, Saudi-Arabía, Senegal, Sierra Leone, Singapore, Sómalía, Sovétríkin, Sri Lanka, Súdan, Surinam, **Svíþjóð**, Sýrland, Tanzanía, Tékkóslóvakía, Thailand, Togo, Trinidad og Tobago, Túnis, Úganda, Úkraína, Ungverjaland, Uruguay, Venezúela, Víetnam, Yemen, Zaire, Zambía, Zímbabwe.

Á móti: Bandaríki Norður-Ameríku, Belgía, Bretland, Frakkland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada, Luxemburg, Portúgal, Vestur-Pýskaland, Tyrkland.

Sátu hjá: Holland, Ísland, Kína, Spánn.

Fjarverandi: Albanía, Antigua og Barbuda, Belize, Costa Rica, Dóminíka, Dominíska lýðveldið, El Salvador, Fidjeyjar, Gambía, Grenada, Grænhöfðaeyjar, Haiti, Hondúras, Kampútsea, Miðbaugs-Guinea, Rúanda, Saint Christopher og Nevis, Saint Lucia, Saint Vincent, Salomonseyjar, Sao Tomé og Príncipe, Seychellseyjar, Swaziland, Vanuatu.

Fylgiskjal III.

ÞINGSÁLYKTUN UM STEFNU ÍSLENDINGA Í AFVOPNUNARMÁLUM (Samþykkt á Alþingi 23. maí 1985.)

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapplaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það álit til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanríkisráðherra, að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmalaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum.